

Endurskráningu skal lokið 31. desember 2002.

Reykjavík, 27. nóvember 2002.

Í stjórn Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins,

*Sigurður M. Magnússon. Anna Margrét Jóhannesdóttir. Þórhallur Jósefsson.*

Með vísan til 13. gr. reglugerðar nr. 205/1998, um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, staðfestast reglur þessar hér með.

*Fjármálaráðuneytinu, 28. nóvember 2002.*

F. h. r.

**Marianna Jónasdóttir.**

*Ragnheiður Snorradóttir.*

## **REGLUGERÐ**

### **um síldveiðar með vörpu.**

#### 1. gr.

Allar veiðar á íslenskri sumargotssíld með vörpu í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar nema að fengnu sérstöku leyfi Fiskistofu.

Heimilt er að veita skipum sem aflamark hafa í síld leyfi til síldveiða með vörpu innan tímabilsins 1. september til 31. maí á hverju fiskveiðiári en ráðherra er heimilt að fela Fiskistofu að fella úr gildi öll leyfi til síldveiða með vörpu sé talin ástæða til að takmarka veiðarnar eða endurskipuleggja stjórnun þeirra.

#### 2. gr.

Eingöngu er heimilt að stunda síldveiðar með vörpu utan 12 sjómílna frá viðmiðunarlínu samkvæmt 5. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands með þeim takmörkunum sem síldveiðum eru settar í sérstöku reglugerðum eða skyndilokunum.

#### 3. gr.

Við færslu afladagbókar skal tilgreind dagsetning, nákvæm staðsetning veiðisvæðis, afl og dýpi í hverju togi. Enn fremur skal allur aukaafli skráður nákvæmlega.

#### 4. gr.

Fiskistofu er heimilt að svipta skip leyfi til síldveiða með vörpu vegna brota á ákvæðum reglugerðar þessarar, ákvæðum leyfisbréfa til síldveiða með vörpu og ákvæðum laga og reglugerða, sem lúta að stjórn veiða og nýtingu nytjastofna. Missi skip leyfi til veiða í atvinnuskyni fellur jafnframt úr gildi leyfi til síldveiða með vörpu.

#### 5. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á ákvæðum reglugerðar þessarar og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út samkvæmt henni skal farið að hætti opinberra mála. Brot varða viðurlögum samkvæmt 17. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 718, 11. október 2000, um síldveiðar með vörpu.

## 6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 28. nóvember 2002.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Þórður Eyþórsson.*

## REGLUR

### **Seðlabanka Íslands um meðferð trúnaðarupplýsinga og verðbréfa- og gjaldeyrisviðskipti starfsmanna.**

Reglur þessar eru settar samkvæmt 37. gr. laga nr. 13/1996 um verðbréfavíðskipti. Reglurnar taka m.a. til meðferðar á trúnaðarupplýsingum eins og þær eru skilgreindar í 2. gr. sömu laga.

## 1. gr.

*Tilgangur.*

Tilgangur reglnanna er að tryggja að meðferð trúnaðarupplýsinga í Seðlabanka Íslands sé í samræmi við lög og reglur sem gilda á verðbréfamarkaði og ákvæði 1. og 2. mgr. 35. gr. laga um bankann, nr. 36/2001. Reglunum er ætlað að stuðla að því að viðskipti starfsmanna með verðbréf og gjaldeyri séu trúverðug.

## 2. gr.

*Skilgreiningar.**Trúnaðarupplýsingar:*

Upplýsingar um útgefanda verðbréfa, verðbréfin sjálf eða önnur atriði sem ekki hafa verið gerð opinber en eru líkleg til að hafa áhrif á markaðsverð verðbréfanna ef opinber væru. Upplýsingar teljast opinberar þegar þeim hefur verið miðlað á verðbréfamarkaðinum með opinberum og viðurkenndum hætti. Tilkynningar til kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða teljast opinberar þegar þeim hefur verið miðlað þaðan, sbr. lög um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.

*Verðbréf:*

- Hvers konar framseljanleg kröfuréttindi til peningagreiðslu eða ígildis hennar, svo og framseljanleg skilríki fyrir eignarréttindum að öðru en fasteign eða einstökum lausafjórnumum.
- Skilyrt skilríki til peningagreiðslu á grundvelli tiltekins verðbréfs eða verðbréfa samkvæmt a-lið. Afleiður teljast til verðbréfa skv. þessum lið.

## 3. gr.

*Gildissvið.*

Reglurnar taka samkvæmt lögum til viðskipta starfsmanna Seðlabanka Íslands með verðbréf sem skráð hafa verið eða óskað hefur verið eftir að verði skráð á skipulegum verðbréfamarkaði. Þeim ber þó einnig að beita eftir því sem við á um viðskipti með óskráð verðbréf